



Ályktun um húsnæðismál

Tíunda þing Starfsgreinasambands Íslands lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu leigjenda og fólks sem er að reyna að eignast eigið heimili. Þessi staða hefur alvarleg áhrif á lífsgæði, fjölskyldumyndun og framtíðaröryggi fjölda fólks um allt land. Mikill skortur er á húsnæði, bæði til kaups og leigu, á viðráðanlegu verði.

Það er grundvallarréttur allra að búa við öruggt og mannsæmandi húsnæði. Þrátt fyrir það er raunveruleikinn sá að fjármálakerfið og markaðsaðstæður útiloka stóran hluta fólks frá því að eignast eigið heimili.

Þingið telur að leggja beri mun ríkari áherslu á félagslegar lausnir í húsnæðismálum en nú er gert. Reynslan sýnir, að aðferðir markaðarins duga ekki til að leysa húsnæðispörf tekjulægri hóp.

Þing SGS krefst þess að stjórnvöld grípi þegar í stað til aðgerða sem tryggja:

- Aðgengi fólks að íbúðarhúsnæði með sértækum úrræðum og stuðningi.
- Uppbyggingu félagslegs og óhagnaðardrífins íbúðakerfis sem tryggi raunverulegan valkost utan við óstöðugan frjálsan markað með aðkomu ríkis og sveitarfélaga. (Svo sem Bjarg íbúðafélag)
- Draga þarf úr vægi verðtryggingar sem hefur í áratugi flutt byrðar húsnæðislána yfir á lántakendur.
- Að hömlur verði settar á vexti fjármálakerfisins og að þjónustugjöld verði endurskoðuð með hagsmuni lántakenda að leiðarljósi.
- Að reglur um greiðslumat verði endurskoðaðar.
- Tryggja áframhaldandi ráðstöfun séreignasparnaðar til fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota og að áfram verði heimilt að ráðstafa séreignarsparnaði inn á höfuðstól fasteignalána sem tekin eru vegna kaupa á einu íbúðarhúsnæði til eigin nota.
- Úrræði um hlutdeildarlán verði eft og tekjumörk hækkuð.

Verðtrygging, vextir og ósanngjörn þjónustugjöld hafa gert það að verkum að stór hópur fólks hefur ekki efni á að tryggja sér eigið heimili. Þetta er ekki náttúrulögmál heldur pólitísk ákvörðun – ákvörðun sem hægt er að breyta.

Þing SGS minnir á að húsnæðisöryggi er ekki aðeins félagslegt réttlætismál heldur líka forsenda efnahagslegs stöðugleika. Stjórnvöld bera skyldu til að tryggja að ungt fólk og

tekjulágir hafi raunhæfan möguleika á að byggja sér framtíð án þess að vera í lífstíðarskuldaánauð við fjármálakerfið.